

# Samkomulag

Sambands íslenskra sveitarfélaga

og

Félags íslenskra hljómlistarmanna


## um framkvæmd styttingar vinnutíma skólaárið 2024-25

Samningsaðilar eru sammála um að framlengja gildistíma á fylgiskjali 2 og öll samkomulög önnur sem aðilar hafa staðfest sín á milli um styttingu vinnutíma félagsmanna í Félagi íslenskra hljómlistarmanna út skólaárið 2024-25.

Markmið samningsaðila er að vinnuvika starfsfólks í fullu starfi verði 36 virkar vinnustundir að jafnaði yfir árið, frá og með 1. ágúst 2025. Áfram verður heimilt að semja við starfsfólk um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða á forsendum hvers skóla/vinnustaðar samkvæmt ákvæðum viðkomandi kjarasamnings og fylgiskjöllum hans þar um.

Samningsaðilar stefna að því í þeirri samningslotu sem nú stendur yfir að semja um ný og/eða breytt kjarasamningsákvæði um styttingu vinnutíma í 36 virkar vinnustundir á viku, að jafnaði yfir árið, sem gilda frá og með 1. ágúst 2025 eða fyrr ef samningsaðilar komast að samkomulagi um það. Frá 1. ágúst 2025 falla öll áður nefnd fylgiskjöl og samkomulög um styttingu vinnutíma úr gildi án frekari fyrirvara.

Reykjavík, 22. ágúst 2024

  
F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

  
F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna